

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Kubbur ehf.
kt. 660606-1650

Starfsstöð: Hlunnavogur 3, 730 Reyðarfjörður
Fastanúmer: 217-7300

Leyfið gildir frá dd. mm 2021 til dd. mm 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- söfnun og flutningi á úrgangi

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Kubbur ehf., kt. 660606-1650
Starfsstöð: Hlunnavogur 3, 730 Reyðarfjörður
Fastanúmer: 217-7300

Leyfið gildir frá dd. mm 2021 til dd. mm 2033

Um er að ræða starfsleyfi fyrir söfnun og flutningi á úrgangi

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 26. maí 2021.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Um er að ræða starfsleyfi fyrir söfnun og flutningi á úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum. Húsnæðið verður nýtt sem geymsla fyrir sorphirðubifreiðina.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Fylgiskjal 1. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Fylgiskjal 2. Starfsleyfisskilyrði fyrir flutning á úrgangi öðrum en spilliefnum*

dd. mm 2020

Virðingarfyllst,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Drofn Svabjörnsdóttir,

heilbrigðisfulltrúi